

Íslenskar konur buðu fyrst fram sértakan kvennalista til bæjarstjórnar í Reykjavík árið 1908 og fengu þá fjórar konur kjörnar. Árið 1922 var kvennalisti boðinn fram til Alþingis og bannig komst fyrsta íslenska konan á þing.

Hin nýja kvenfrelsisbylgja sem reis á Vesturlöndum barst til Íslands um 1970 og konur kröfðust jafnréttis á öllum sviðum. Sífellt fleiri konur fóru í framhaldsnám og sóttu fram á vinnumarkaði og í opinberu lífi. Sett voru lög um jafnrétti kynjanna og breytingar voru gerðar á fóstureyðingarlöggjöfinni í frjálsræðisátt. Konur sýndu samstöðu á eftirminnilegan hátt með „kvenna-verkfallinu“ 1975 þegar þær lögðu niður vinnu um allt land til þess að minna á hve mikilvægt vinnuframlag þeirra er. Í heilan dag var atvinnulífið lamað og konur komu saman til funda um allt land og héldu m.a. stærsta útifund sem haldinn hefur verið í miðbæ Reykjavíkur.

Vigdís Finnabogadóttir var kosin fyrsti kvenforseti lýðveldisins árið 1980 og átti kvennabaráttu undanfarins áratugar eflaust stóran þátt í kjöri hennar.

Árið 1982 buðu konur fram á ný sérlista í sveitarstjórnar-arkosningunum í Reykjavík og á Akureyri. Tilgangurinn var sá að koma sjónarmiðum og reynslu kvenna að breyta aðstæðum konum og börnum í vil og einnig að vekja athygli á fádæma lélegum hlut kvenna í sveitarstjórnunum landsins. Tvær konur náðu kjöri í Reykjavík og tvær á Akureyri. Ári síðar bauð Kvennalistinnum til Alþingis og fékk þrjár konur kjörnar. Kvennalistinn hefur nú fimm fulltrúa af 63 á Alþingi og sextán fulltrúa í sveitarstjórnunum landsins.

Voríð 1994 bauð Kvennalistinn fram til borgarstjórnar í Reykjavík í bandalagi með þremur félagshyggjuflokkum og óflokkbundnu fólk. Með sigri í þessum kosningum eignaðist Kvennalistinn þrjá fulltrúa í borgarstjórn og í fyrsta skipti í sögunni kusu Reykvíkingar konu sem borgarstjóra, kvennalistakonuna Ingibjörgu Sólrunu Gísladóttur. Með kjöri konu í þetta mikilvæga embætti var stigið stórt skref í íslenskri kvennabaráttu.

## FRAMGANGUR

Síðan Kvennalistinn kom fram á sjónarsviðið hefur konum fjölgæð á vettvangi stjórnmálanna og í öðrum áhrifastöðum innan samfélagsins. Áhrif Kvennalistans á stjórnmálaumræðuna eru ótvíræð, inntak stjórnmálanna hefur breyst og sjónarmið kvenna vega nú byngra en áður. Konur hafa einnig auðgað tungutak umræðunnar með nýjum orðum og áherslum sem endurspeglar kvenlega reynslu og hugarheimi.

## FRAMTÍDIN?

Kvennalistinn hefur kvenfelsi að leiðarljósi og meginþingangur hans er að bæta hág kvenna og barna í samfélaginu. Öll mál eru kvennamál en Kvennalistinn hefur lagt megináherslu að bæta launakjör kvenna og félagslegar aðstæður kvenna og barna. Umhverfismál og krafan um aukið lýðræði í samfélaginu eru einnig ofarlega á stefnuskrá Kvennalistans.

Þótt sum baráttumál Kvennalistans hafi hlotið góðan hljómgrunn er enn langt í land á mörgum sviðum. Breytingar taka tíma og í viðbót við kraftinn, vonina og ómælda bjartsýni sem eru frumskilyrði altrar kvennabaráttu, þurfa konur einnig á allri sinni þolinmæði að halda. Sjónarmið Kvennalistans njóta vaxandi fylgis og við trúum því að enn um við áorkað miklu. Á meðan svo er verða til kvennalistar á Íslandi.

**Stjórnmál, bókmenntir, heilsufar, kynlíf...** frá sjónarhorni kvenna er meðal þess sem er til umræðu í Laugardagskaffi Kvennalistans í hverri viku kl. 11-13 frá september fram í maí.  
Nánari upplýsingar á skrifstofunni.  
**Láttu sjá þig!**

Kvenna  
listinn

Laugavegi 17, 101 Reykjavík  
sími 91-13725, fax 91-27560

## KVENNALISTINN



**KVENNALISTINN ER GRASRÓTARHREYFING SEM STARFAR Á VETTVANGI STJÓRNMÁLA OG HEFUR KVENFELSI AÐ LEIÐARLJÓSI.**

**KVENNALISTINN STARFAR Í ÖLLUM KJÖRDÆMUM LANDSINS OG ER OPINN ÖLLUM SEM ÁHUGA HAFNA AÐ VINNA AÐ FRAMGANGI KVENFELISISBARÁUNNAR.**

**KVENNALISTINN LEGGUR ÁHERSLU Á VALDREIFINGU OG VIRKT LÝDRÆDI OG KÝS SÉR ÞVÍ EKKI FORMANN.**

**Í SAMRÆMI VIÐ GRASRÓTARSKIPULAG KVENNALISTANS ERU FLESTAR ÁKVARÐANIR TEKNAR SAMEGINLEGÁ, ÁN ÞESS AÐ TIL ATKVÆÐAGREIDSNU KOMI.**

**ALLAR MEIRIHÁTTAR ÁKVARÐANIR VARDANDI YTRA OG INNRA STARF LISTANS ERU TEKNAR Á LANDSFUNDI, VORPINGI OG SAMRÁÐSFUNDUM, SEM KONUR ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU SÆKJA.**

# KVENNALISTINN VILL...

... Að störf kvenna verði endurmetin og kjör þeirra bætt.

... Að áhrif kvenna á mótun og stjórn þjóðfélagsins verði aukin, m.a. með því að konur séu hafðar með þar sem ráðum er ráðið.

... Að samfélagið, stofnanir þess og vinnumarkaður taki mið af raunveruleika fólks. Börnum verði því tryggð dagvistun frá því fæðingarorlofi lýkur, skóladagur verði samfelldur og vinnutími verði styttri og sveigjanlegri til þess að foreldrar geti rækt skyldur sínar og notið samvista við börn sín.

Kvennalistinn er kvenfrelsisafl sem vill hafa áhrif á vettvangi stjórmálá, því mikilvægt er að konur ráði miklu um þær þjóðfélagsaðstæður sem þær búa við. Andlegt, menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði kvenna er grundvallaratríði í kvennabaráttu. Konur verða að geta lítið á sig sem sjáfstæða einstaklinga með eigin þarfir, vilja og rétt um leið og þær tengjast fjölskyldu og samfélagi. Konur hafa dýrmætri reynslu að miðla, sem þjóðfélagið má ekki án vera.

... Að fæðingarorlof verði a.m.k. núa manuðir og feðrum verði gert kleift að taka meiri þátt í umönnun og uppeldi barna sinna.

... Að atvinnusköpun og þróun atvinnulífs taki mið af hagsmunum kvenna. Með aðgerðum gegn atvinnuleysi sé ýtt undir hugvit og frumkvæði kvenna með sérstöku tilliti til þess að atvinnuleysi er mun meira meðal kvenna en karl.

... Að kjör fatlaðra kvenna verði bætt, en þær búa við tvöfalda mismunun sem fatlaðar konur. Foreldrum fatlaðra barna verði gert auðveldara að rækja hlutverk sitt.

... Að stefnunni í umhverfismálum verði gjörbreytt með auknu vægi á umhverfisfræðslu, rannsóknir, mengunarvarnir, endurheimt landgæða og náttúruvernd.

... Að lögð sé áhersla á forvarnir í heilsugæslu og aukna heilbrigðisfræðslu.

... Að aðgerðir gegn hvers kyns ofbeldi verði efldar.

... Að umönnun barna skerði ekki atvinnuréttindi og möguleika kvenna í starfi.

... Að samkynhneigðir njóti sömu réttinda og aðrir þjóðfélagsþegnar.

... Að íslendingar standi vörð um mannréttindi hvar sem er í heiminum.

## STAÐREYNDIR UM ÍSLENSKAR KONUR



Um 80% giftra kvenna á Íslandi starfa utan heimilis.

Íslenskar konur eiga að meðaltali fleiri börn en kynsystur þeirra á hinum Norðurlöndunum og fæðingaráldurinn er einnig lægri. Mikið skortir enn á að þörf fyrir dagvistun og samfelldan skóladag sé uppfyllt.

Fleiri konur en karlar sækja sér framhaldsmenntun. Þær uppskera þó aðeins að meðaltali um 65% af launum karla. Hvergi á Norðurlöndunum er kynbundinn launamunur jafnmikill.

Á Alþingi Íslendinga sitja nú 16 konur eða um 25% þingmanna. Þegar Kvennalistinn bauð fyrst fram til Alþingis árið 1983 sátu þar einungis 3 konur eða 5% þingmanna.

Konur eru um 25% fulltrúa í sveitarstjórnunum landsins. Í Reykjavík og nágrenni er þetta hlutfall um 39%, meðan konur eru einungis 15% kjörinna fulltrúa í dreifðari byggðum landsins.

Þrátt fyrir að íslenskar konur eigi enn á brattann að sækja í jafnréttismálum er forseti Íslands kona, forseti þingsins er kona og borgarstjóriinn í Reykjavík er kona.